

**Ed.**

**585. Nefndarálit**

um till. til þál. um vistarskóla fyrir vanheil börn og unglínga.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin telur nauðsynlegt, að rannsakað verði, að hve miklu leyti er unnt að sameina skóla fyrir vanheil börn og unglínga, og löggjöf um það efni eigi að setja að þeirri rannsókn lokinni. Vill því nefndin mæla með, að tillagan verði samþykkt nokkuð breytt.

Í sambandi við tillögu þessa hefir nefndin athugað frv. til laga um fávita-hæli og komizt að þeirri niðurstöðu, að setja þurfi almenna löggjöf um forsjá vanmeta fólks, og leggur því til, að tillagan verði nokkuð aukin.

**BREYTINGARTILLAGA.**

Tillögugreinin orðist svo:

Efri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að rannsaka, að hve miklu leyti unnt sé að sameina skóla fyrir daufdumba, blinda, fatlaða og málhalta, og undirbúa löggjöf um stofnun slíks skóla, eftir því sem niðurstöður rannsóknarinnar benda til.

Ennfremur að undirbúa löggjöf um forsjá fávita, geðveikra eða annara, er líkt stendur á um.

Alþingi, 23. nóv. 1934.

Sigurjón Á. Ólafsson,  
form.

Ingvar Pálmason,  
fundaskr., frsm.

Pétur Magnússon.